

Mættir: Þuríður Helgadóttir, Þuríður Pétursdóttir og Einar Jónsson. Arnar Halldórsson boðaði forföll. Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla og Hólmfríður Jónsdóttir fulltrúi kennara sátu lið 2. Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri Yls sat allan fundinn.

1. Formaður er í fæðingaorlofi og varaformaður Þuríður Helgadóttir tekur við stjórn og ritar fundargerð. Bauð hún fundarmenn velkomna.
2. Skólaárið 2016-2017 Reykjahlíðarskóli. Farið yfir skóladagatal og það samþykkt. Sjá fylgiskjal. Einnig fór Sólveig yfir tímamagn, akstur ofl því tengt. Jóhanna Jóhannesdóttir var ráðin til eins árs og lætur því að störfum í vor. Ingibjörg Björnsdóttir verður áfram í launalausú leyfi en Soffía Björnsdóttir kemur inn í hálfstarf. Starf stuðningsfulltrúa er í skoðun. Sjá fylgiskjal. Skólanefnd samþykkir tillögu skólastjóra. Skólastjóri las bréf um átak um læsi. Samkæmt því stenda nemendur vel. Sundkennsla var á Laugum og gekk vel. Börnin fengu mat á Laugum og aðstöðu til annars náms.
3. Skólaárið 2016-2017 Leikskólinn Ylur. Ingibjörg fór yfir skóladagatalið, sjá fylgiskjal. Fyrsti vinnudagur ársins verður fyrsti dagur eftir sumarfrí til þess að koma sér fyrir á nýjum stað. Óskað er eftir að hafa starfsmannafundi einu sinni í mánuði frá september til maí og leikskóla lokað frá 12:30. Skólanefnd styður það. Í starfsáætluninni eru spurningarmerki um danskennslu og íþróttakennslu og mælir skólanefnd með því að þeim þáttum verði komið á hreint sem fyrst og verði alls ekki látnir falla niður. Eins og staðan er í dag eru tvö börn á bið, annað sem vill koma inn í haust en hitt sem fyrst. Mörg óvissuatriði eru vegna fluttninga milli húsa. Umræða og vangaveltur kom upp um stuðningsnet foreldra tvítyngdra barna.
4. Önnur mál. Engin önnur mál.

Fundi slitið 17:20